

REGLUGERÐ

um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

1. gr.

Gildistaka tiltekinna gerða Evrópusambandsins.

Eftirfarandi gerðir sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IX. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 21. janúar 2019, bls. 69.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/105 frá 27. október 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 að því er varðar að bæta Eþíópíu á skrána um þriðju lönd með mikla áhættu í töfluna í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49, 20. júní 2019, bls. 55.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/212 frá 13. desember 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Srí Lanka, Trínidad og Tóbagó, og Túnis í töfluna í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 251/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49, 20. júní 2019, bls. 57.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1467 frá 27. júlí 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Pakistan í töfluna í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49, 20. júní 2019, bls. 59.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á þeim gerðum sem taldar eru upp í 1. gr.

3. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd er birtur sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

4. gr.

Ef ósamræmi er á milli íslensks og ensks texta gerða Evrópuþingsins og ráðsins skal skyra íslenska textann með hliðsjón af enska textanum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

Nr. 105

11. febrúar 2020

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 71/2019 um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Dómsmálaráðuneytinu, 11. febrúar 2020.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Ragna Bjarnadóttir.

Fylgiskjal.

**Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,
sbr. framselta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675
með síðari breytingum.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíkska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Bosnía og Hersegóvína
3	Gvæjana
4	Írak
5	Laoska alþýðulýðveldið
6	Sýrland
7	Úganda
8	Vanúatú
9	Jemen
10	Epíópía
11	Srí Lanka
12	Trínidad og Tóbagó
13	Túnis
14	Pakistan

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíkska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniaðstoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

- III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hætta á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea